# Íþróttir og tómstundir í Dalabyggð

## Janúar—maí 2013



Upplýsingarit um tómstundastarf fyrir alla aldurshópa
vor 2013

# Stundatafla tómstundastarf sept-des 2012

| Tími | Mánud. | Þriðjud. | Miðvikud. | Miðvikud. | Fimmtud. | Föstud. | Laugard. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 10:30 11:00 | | | | | | | Íþróttaskóli barnanna |
| 11:00 11:30 | | | | | | | |
| 11:30 12:30 | | | | | | | Handbolta æfing |
| 12:30 13:30 | | | | | | Fótbolti 1. - 6. bekkur | |
| 14:25 14:30 | | | | | Skátafundur Drekaskátar | | |
| 14:30 15:05 | | | | | | | |
| 15:00 15:30 | | | | | Skátafundur Fálka- og Drótt -skátar / / Fermingar fræðsla | | |
| 15:30 16:00 | Fótbolti 7. - 10. bekkur | Badminton 15:45 | Fótbolti 7.- 10. bekkur | Kirkjuskóli | | | |
| 16:00 16:30 | | | | | | | |
| 16:30 17:00 | | | | | | | |
| 17:00 17:30 | | | | | Glímuæfing | | |
| 17:30 18:00 | Leikfimi stöðva þjálfun | | Leikfimi stöðva þjálfun | | | | |
| 18::00 18:30 | | | | | | | |
| 20:00 20:30 | Björungar sveitar æfing | | | | | | |
| 20:30 21:30 | | | | | | | |

*-Námskeiðin eru ekki alltaf yfir allt tímabilið janúar—maí*
*sjá dagsetningar við hvert námskeið*
*-Námskeiðin sem eru aðra hverja viku eru rauðletruð*

# Efnisyfirlit:


Hestamannafélagið Glaður. .......................................... 4

Íþróttaskóli barnanna .................................................. 5

Kirkjuskóli ...................................................................... 6

Unglingabjörgunarsveitin Óskar .................................... 6

Ungmennafélögin - Knattspyrna .................................. 7

Skátafélagið Stígandi ................................................... 8-9

Glímufélag Dalamanna ................................................ 10

Badmintonfélag Dalamanna ......................................... 11

Handbolti ...... ............................................................. 12

Fermingafræðsla Dalaprestakalls.................................. 12

Einkaþjálfun ................................................................. 13

Leikfimi - stöðvaþjálfun ............................................... 13

Leirnámskeið ................................................................ 14

Bumbubolti ................................................................... 14

Ólafur Pái—Þreksalur .................................................. 15

Íþróttamiðstöðin Laugum ............................................. 16



**Útgefandi:** Dalabyggð

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Svala Svavarsdóttir

**Umsjón, hönnun og útlit:** Svala Svavarsdóttir

**Ljósmyndir:** Anna Margrét Tómasdóttir, Brynjólfur Gunnarsson, Steinunn Matthíasdóttir, Svala Svavarsdóttir, Auðarskóli , Dalabyggð o.fl.

# Hestamannafélagið Glaður

**Aldurshópur: Allir—börn og fullorðnir**

Sjöfn Sæmundsdóttir verður með reiðnámskeið í Búðardal tvær helgar í röð, þ.e. dagana 2.-3. febrúar og 9.-10. febrúar. Kennt verður í litlum hópum, ekki verða fleiri en 3 í hverjum hópi og hver kennslustund verður klukkustund. Hver tími kostar 5.000 krónur.



**Reiðkennari:** Sjöfn Sæmundsdóttir
**Hvenær:** 2 helgar í febrúar, sjá í texta
**Hvar:** Reiðhöllinni Búðardal
**Verð:** 10.000 kr. (5.000 kr. tíminn)
**Skráning.:** Heiðrún Sandra, s. 772 0860, netfang hsandra@is.enjo.net
Ragnheiður, s. 487 5331, netfang rbiggi@simnet.is
Svanborg, s. 434 1437, netfang gillast@simnet.is

**FLEIRI NÁMSKEIÐ VERÐA HALDIN Á VEGUM FÉLGSINS Á VORÖNN OG VERÐA ÞAU AUGLÝST Í DREIFIBRÉFUM JAFNÓÐUM**

# Íþróttaskóli barnanna

**Aldurshópur: 2-6 ára**




Námskeið fyrir krakka á aldrinum 2-6 ára mun hefjast 2. febrúar n.k. Þetta námskeið telur 6 skipti og verður ákveðna laugardaga í febrúar og mars. Í íþróttaskólanum fer fram fjölbreytt og áhugaverð dagskrá þar sem haft er að leiðarljósi að efla skyn- og hreyfiþroska barnanna ásamt því að kenna þeim að vinna með öðrum, umgangast aðra og taka tillit hvort til annars.

Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að taka þátt í tímunum og vera börnunum til aðstoðar t.d. í áhaldahringjum og við klifur.



**Umsjónamaður:** Einar Jón Geirsson
**Hvenær:** 6 laugardaga (2. feb—9. feb—23. feb—2. mars—9. mars og 23. mars). **<u>Sundlaugin verður opin þessa daga frá 11:30 -12:30 og því tilvalið fyrir fjölskyldur að skella sér í sund.</u>**
**Hvar:** Íþróttahúsið á Laugum
**Verð:** 3.000 kr. (systkinaafsláttur 1.000 kr.)
**Skráning:** Einar Jón, einarjon@audarskoli.is - s: 893-9066

# Kirkjuskóli

**Aldurshópur: Allir**

Barnastarf fyrir börn í fyrstu bekkjum grunnskólans, á grunnskólaaldri og allra þeirra sem vilja taka þátt. Foreldrar og umsjónarmenn velkomin með. Boðið er upp á sögur, söng, brúður, bænastundir og stundum djús og dund.

**Umsjónarmenn:** Anna Eiríksdóttir og Íris Björg Unnsteinsdóttir

**Hvenær:** miðvikudaga kl. 15.30 – 17:00

**Hvar:** Silfurtún

**Tímabil:** Alla miðvikudaga í febrúar



# Unglingabjörgunarsveitin Óskar

**Aldurshópur: Allir**

Starf Björungarsveitanna er kynnt lauslega og farið yfir æfingar sem er góður grunnur fyrir framtíðarbjörgunarmenn. Einnig verðu stefnt að því að fara í ferðir.

**Leiðbeinendur:** Sigurður Bjarni Gilbertsson, Þórður Gísli Guðbjörnsson og Guðlaugur Týr Vilhjálmsson.
**Hvar:** í húsi Björgunarsveitarinnar Ósk við Vesturbraut
**Hvenær:** alla mánudaga fram á vor frá 20:00-21:30..
**Verð:** Frítt
**Skráning:** þarf ekki að skrá, bara mæta.

# Ungmennafélögin - Knattspyrna

**Aldurshópur: 1. – 10. bekkur**

Knattspyrnuæfingar halda áfram í vetur á vegum ungmennafélaganna. Stefnt að því að spila æfingaleiki við nágrannasveitarfélögin, fjáröflun skipulögð og farið á mót í sumar hjá þeim flokkum sem ná í lið.

Helstu markmið og leiðir:

- Aðaláhersla verður á þjálfun tæknilegrar færni ásamt spili.
- Einföld leikfræðileg atriði kynnt.
- Þjálfun mun fela í sér þol, kraft og liðleikaæfingar.
- Æfingar verða fjölþættar og skemmtilegar.
- Háttvísi og íþróttamannsleg framkoma kennd.
- Áhersla skal lögð á að allir fái tækifæri til að vera með óháð getu.

**Þjálfarar:** 1.-.6. bekkur: Sindri Geir Sigurðarson og Þóranna Hlíf Gilbertsdóttir
7.-10. bekkur: Svala Svavarsdóttir



**Hvenær:** 1.-6.bekkur, föstudaga 12:20-13:30.
7.-10.bekkur: mánudaga og annan hvern miðvikudag frá kl. 15:30 – 16:30 (fyrsti miðvikudagur verður 16. jan og svo annar hver eftir það).
**Tímabil:** 16. jan - 17.maí
**Hvar:** Sparkvöllur Búðardal
**Verð:** 1.-6. bekkur: 4.500 kr. 7.-10. bekkur: 8.000 kr. (afsláttur fyrir barn tvö í fjölskyldu er 2.000 kr. og frítt fyrir þriðja barn)
**Skráning:** Svala, sími: 861-4466, netfang:budardalur@simnet.is

# Skátafélagið Stígandi

**Aldurshópur: 3. – 10. bekkur**

**Eftirtaldar sveitir starfa hjá skátafélaginu:**

**Drekaskátar (3. og 4. bekkur) funda kl. 14:25-15:05**

Þéttbýlið í borg og bæ. Drekaskátar læra að þekkja umhverfi sitt, hættur í daglegu lífi og rétt viðbrögð við þeim. Áhersla á ævintýrið, hjálpsemina, glaðværðina og umgengni við náttúruna.

**Sveitarforingi:** Helga Elínborg **Foringi:** Eva Lind

**Fálkaskátar ( 5. 6. og 7. bekkur) funda kl. 15:10-17:00**

Láglendið—tjaldbúðin. Hér fær ævintýraþráin frekari útrás og nýjar slóðir kannaðar. Í fjölbreyttum verkefnum er lögð áhersla á útilífið ásamt félagslyndi, hópefli, samvinnu og hreyfingu.

**Foringjar:** Katrín, Eva Lind, Elín Huld og Kiddi





**Dróttskátar** ( **8. 9. og 10. bekkur) funda kl.15:10-17:00**
Heiðin og fyrstu kynni af fjallamennsku. Sjálfstæðið eykst og verkefnin verða meira ögrandi. Nefna má gönguferðir, næturleiki, útieldun og frumraun í fjallamennsku—allt í hópi jafningja sem marka leiðina saman.

**Foringi:** Anna Magga

---

**Hvenær:** Yfirleitt annar hver fimmtudagur, en aðrir tímar geta bæst við—nákvæmt plan sent út á þá sem skrá sig.
**Hvar:** Dalabúð, Búðardal
**Verð:** Félagsgjaldið er 6.000 kr. (systkinaafsláttur 1.000 kr.)
**Skráning:** Skrá verður skáta á vef skáta, www.skatar.is nánari upplýsingar koma til þeirra sem skrá sig. Einnig þarf að senda Önnu Möggu upplýsingar um nafn, símanúmer og netfang á laugar@umfi.is .
Greiðsluseðlar sendir í heimabanka.

# Glímufélag Dalamanna

**Aldurshópur: 1. - 10. bekkur**

Glímufélagið býður upp á glímuæfingar í vetur eins og undanfarin ár. Dalamenn hafa verið gríðarlega sigursælir í glímu á landsvísu á liðnum árum. Það er ekki úr vegi að við Dalamenn höldum áfram að þjálfa upp stórstjörnur í þessari þjóðaríþrótt okkar Íslendinga.

KOMDU FAGNANDI
Í GLÍMU







**Þjálfari:** Jóhann Pálmason

**Hvenær:** fimmtudaga kl. 17:00-18:00.

**Tímabil:** byrjar 17. janúar og fram á vor

**Hvar:** Dalabúð

**Verð:** Ókeypis

**Skráning:** Þarf ekki að skrá, bara mæta.

# Badmintonfélag Dalamanna

**Aldurshópur: 4. – 10. bekkur**

Boðið upp á badmintonnámskeið/æfingar fyrir byrjendur og lengra komna í 4.-10.bekk.

Þátttakendur þurfa að mæta með badmintonspaða, innanhússkó og íþróttaföt

Ef farið er á mót þá er aukakostnaður varðandi það.
Fyrsta æfing er þriðjudaginn 22. janúar

**Þjálfarar:** Jörgen Nilsson og Harpa Jónsdóttir
**Hvenær:** Þriðjudaga kl. 15:45-17:00
**Tímabil:** 22. jan og fram á vorið.
**Hvar:** Íþróttahúsið á Laugum
**Verð:** Fyrir lengra komna og þá sem nota fjaðurbolta, alls 11.000 kr.
Fyrir yngri sem nota plastbolta 7.000 kr. (verð með boltum)
**Skráning.:** Jörgen Nilsson, netfang: jn@umfi.is fyrir 22. janúar



# Handbolti



**Aldurshópur: 7.-10. bekkur**

Handboltanámskeið hefst 2. febrúar n.k. ef næg þátttaka næst. Námskeiðið telur 6 skipti og verður í íþróttahúsinu á Laugum.
Verð fyrir námskeið 6 skipti er 3.000 kr. fyrir barn, systkinaafsláttur 1.000 kr.

Námskeiðið verður eftirtalda laugardaga kl. 11:30-12:30:

2. febrúar, 9. febrúar, 23. febrúar, 2. mars, 9. mars, 23. mars

Sundlaugin verður opin þessa daga frá 11:30 -13:00 og því tilvalið fyrir fjölskyldur að skella sér í sund.

Hægt að skrá sig á einarjon@audarskoli.is

Umsjónamaður: Einar Jón Geirsson, sími: 893-9066

# Fermingafræðsla Dalaprestakall

**Aldurshópur:** Fermingabörn

Haldið verður áfram við að fara yfir grunnþætti kristinnar trúar. Áhersla er á að vekja, kenna og virkja. Fermingarvörn taka virkan þátt í safnaðarstarfinu.

**Umsjónarmaður:** Anna Eiríksdóttir

**Hvenær:** Annar hver fimmtudagur (byrja 3. janúar) milli kl. 15:30 – 17:00

**Tímabil:** janúar og febrúar 2013

**Hvar:** Hjá sóknarpresti

**Verð:** 9.300 kr. auk ferðalags og námsbóka

# Einkaþjálfun

**Aldurshópur: fullorðnir (15 ára og eldri)**

Bíð upp á einkaþjálfun í vetur.
Áhugasamir hafið samband í síma 893-9066 eða einarjon@audarskoli.is
**Minni á að hægt er að fá niðurgreitt hjá stéttarfélögum**

Einar Jón Geirsson, íþróttakennari



# Leikfimi - stöðvaþjálfun

**Aldurshópur: fullorðnir (15 ára og eldri)**

Boðið verður upp á námskeið í stöðvaþjálfun. Góð styrktar– og þolþjálfun fyrir alla, konur og karla. Hver og einn getur æft á sínum forsendum.

**Umsjónarmaður:** Einar Jón Geirsson
**Hvenær:** mánudaga og miðvikudaga 17:30 - 18:30
**Tímabil:** 9. jan - 25. mars (hægt að byrja hvenær sem er)
**Hvar:** Þreksalur Óla Pá
**Verð:** Allt námskeiðið (22 skipti) - 12.500
**Minni á að hægt er að fá niðurgreitt hjá stéttarfélögum**

**Skráning:** í síma 893-9066 eða einarjon@audarskoli.is

# Leirnámskeið

**Aldurshópur:** fullorðnir (15 ára og eldri)

Gugga verður með leirnámskeið í mars.

**Laugardaginn 2. mars frá kl. 10:00-15:00 (mótun).**

**Sunnudaginn 3. mars frá kl. 10:00-15:00 (mótun).**

**Laugardaginn 16. mars frá kl. 10:00-17:00. (glerjun).**

Námskeiðsgjald er 20.000 kr. Allt efni er innifalið. Námskeiðið er hugsað fyrir 15 ára og eldri. Kenndar eru grunnaðferðir í mótun leirs, skreytitækni, meðferð oxíðefna og glerunga. Stefnt er að því að halda námskeiðið í Auðarskóla í Búðardal en það verður auglýst nánar, þeir sem hafa áhuga er velkomið að hafa samband og skrá sig strax (skráningargjald er 5000 kr.). Hef áhuga á að bjóða upp á framhaldsnámskeið í apríl fyrir þá sem hafa komið til mín á grunnnámskeið í vetur.

**Guðbjörg Björnsdóttir**

**Gsm. 847-4878.**

# Bumbubolti

Við minnum á bumbuboltann inn á Laugum

-Allla þriðjudaga kl. 19:30

-Alla miðvikudaga kl. 19:15



Látið sjá ykkur !

Nánari upplýsingar: Siggi Bjarni, s: 844-6908

# Ólafur Pái - Þreksalur

Ungmennafélagið Ólafur Pái rekur æfingasal að Vesturbraut 20.
Hlaupabretti – stigvélar – hjól – boxpúði – lóð og fleiri tæki.

**<u>Áskriftarleiðir:</u>**

1. 3 mánuðir 6.500 kr.
2 6 mánuðir 9.500 kr.
3. 12 mánuðir 16.000 kr.

25% afsláttur fyrir eldri borgara.

Lykillinn gildir fyrir alla fjölskylduna. Allir sem æfa í salnum eru að æfa á eigin ábyrgð. Börn yngri en 14 ára verða að vera í fylgd með fullorðnum. Ungmenni 14-18 ára verða að vera með leyfi foreldra til að æfa ein í salnum. Það er á ábyrgð foreldra að börnin kunni að meðhöndla tæki og tól í salnum.
Vertu með í vetur!
Pantanir á áskrift eru hjá Ingibjörgu Jóhannsdóttur, s: 896-8315
ibbaj@simnet.is



# Íþróttamiðstöðin að Laugum

Símar: 434-1465/861-2660 og
laugar@umfi.is

## OPNUNARTÍMI SUNDLAUGAR

| | |
|---|---|
| **ÞRIÐJUDAGAR** | **17:00-20:00** |
| **MIÐVIKUDAGAR** | **17:00-20:00** |
| **FIMMTUDAGAR** | **17:00-20:00** |

**Opið sérstaklega fyrir eldri borgara á fimmtudögum milli 15:30-17:00**

*Aukalega opið ákveðna laugardaga í tengslum við íþróttaskóla og handboltaæfingar*
*- þær dagsetningar verða auglýstar sérstaklega-*

**Hálftíma fyrir lokun lýkur sölu aðgangseyris í sundlaugina.**

**Allar upplýsingar um sundlaugaopnun er að finna á:**
**www. ungmennabudir.is**

*-Upplýsingar uppfærðar reglulega á vefnum-*

**Munið árskortin.**

